# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 5

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

fundur 23/8. 06. – Ó. Ó. falið að gefa álit. –
fundur 27/9. 06. – Bjarni Jónsson; ditto

Skildi það vera á form hinnar háttvirtu Fátækrastjórnar að láta bæði hann sem ég undir Skrifaður nú er í. Standa til úrbóta framm-veges um lengri eða skemri tíma þá vildi ég mega óska þess að bætt yrði úr stærstu göllum sem á honum eru. og er það hjer stak-lega þakið sem mjög er af sjer gengið

Hverfisg. 9  20 ágúst 1906

virðingarfyllst

Sigurður Fr Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 10. d. oktbr mán. 1906

framl. 11/10. '06. –
Afgr. til bæjarfóg.
tillögur 12/10. '06.

Í brjefi mínu í gær til hinnar heiðruðu fátækranefndar um úthlutun á styrk úr alþýðustyrktarsjóði, láðist mjer að geta þess, að upphæð sú, sem í þetta sinn kemur til skipta er 330 krónur.

Halldór Daníelsson

Til
Fátækranefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 9. d. oktober mán. 1906.

Um leið og jeg sendi með brjefi þessu 24 umsóknarbrjef um styrk úr alþýðustyrktarsjóðunum, mælist jeg til að hin heiðraða fátækranefnd láti mjer í tje tillögur sínar um styrkbeiðnirnar fyrir bæjarstjórnarfund 18. þ. m.

Halldór Daníelsson.

Til formanns fátækranefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 27/9.'06. - frestað. B. Jónss.
fundur 11/10. 06. - synjað.

Hér með leyfi eg mér að fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstað[ar] að hún veiti mér bæjarleyfi á næsta fundi sínum.

Eg er fluttur hingað fyrir 2 árum, ættaður austan úr Hornafirði, er 23 ára gamall, stunda trésmíði, er ókvæntur.

Reykjavík 17. September 1906

Virðingarfyllst

Guðfinnur Einarsson
Lindargötu 28.

Til

Oddvita bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 25/10. '06.
Skr. bæjarfóg. 26/10. '06.
fylgiskj.: endursend. —

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 19. d. Októbér mán. 1906

Stjórnarráðið hefur í brjefi dags. í gær lagt svo fyrir, að jeg útvegi framfærsluskýrteini handa frú Emma Marie van der Wehl ekkju Sigurðar ingeniörs Pjeturssonar frá Ananaustum hjer í bænum. —

Með því að nefndur ingeniör var fæddur hjer og sveitlægur á dánardægri, leyfi jeg mjer að mælast til að hin heiðraða fátækranefnd sendi mjer hið umbeðna framfærsluskýrteini ekkju hans við fyrsta tækifæri.

Ofangreint brjef stjórnarráðsins
/. með 4 fylgiskjölum fylgja hjer með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brjefi mínu, og óskast endursent
með skýrsteinunum. —

Halldór Daníelsson

Til
Fátækranefndarinnar
í Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Bréfið afhent
Jóni Trim. aðstm. –
25/10. 06. –

Reykjavík 24. d. Oktbr. mán. 1906

Eptir beiðni hinnar heiðruðu fátækranefndar, í brjefi dags. 20. þ. m. hef jeg gefið út og sendi hjermeð Vegabrjef handa Þóru Björnsdóttur og 2 börnum hennar til Kjalarneshrepps.

Jeg hefi tjáð Kjartani Ranólfssyni, að flutningurinn eigi að fara fram næsta góðviðrisdag. Aðstoð lögreglunnar verður að sjálfsögðu látin í tje, ef á þarf að halda til að koma flutningnum af stað. –

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 24/10. de.
Veittar 80 kr. –

Reykjavík 24. okt. 1906.

Í bréfi, ds. 12. þ. m., hefir formaður fátækranefndarinnar, herra Kristján Jónsson yfirdómari, tilkynnt mér að hin háttvirta fátækranefnd hafi ekki getað orðið við beiðni minni um styrk til utanfarar.

Þar eð ég hygg að hinni háttv. nefnd hafi þótt fjárbón mín í hærra lagi, en efast að hinn leytinn um, að nefndin vilji algerlega neita mér um styrk eins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og sakir standa, — leyfi ég
mér að nýju að fara
þess á leit, að hin hv.
nefnd vildi styrkja mig
að einhverju leyti til
fararinnar, svo að mér
megi að gagni koma.
Þess lát ég hér getið,
að ég hefi fengið fulla
vissu um, að félagið, —
Den typografiske Forening —
sem ég gat um í bréfi
mínu til nefndarinnar,
5. þ. m., hefir lofað að
styrkja mig þegar út
er komið.
Þrátt fyrir neitun
hinnar háttv. nefndar,
vona ég enn fastlega
að hún vilji styrkja
mig svo að ég komist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nau. – Eg hefi tjáð hr. lækni Guðmundi Björnssyni málavöxtu alla, og hefir hann góðfúslega látið mér í té meðmæli þau, er hér fylgja.

Með virðingu

Hafliði Bjarnason.

Til
fátækranefndarinnar
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 11/10 í ár.
13/10. skr. Hafliði.

Reykjavík 5. okt. 1906.

Jeg undirritaður, sem um 3ja mánaða tíma hef dvalið á Sct. Jósefs spítala sakir lungnatæringar, leyfi mér hér með að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækramálanefnd, að hún vilji styrkja mig til utanfarar (til Danmerkur).

Svo er mál með vexti, að jeg er meðlimur Prentarafélagsins í Kaupmannahöfn og á tilkall til rúmra 3ja mánaða hjálpar úr sjúkrasjóði þess félags. Félagið, — Den typografiske Forening — hefir heitið að styrkja mig, svo framarlega sem jeg geti komist til Danmerkur. Ennfremur hefi jeg von um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðra hjálp, þó svo fari að styrkur félagsins þryti eftir því sem lög þess mæla fyrir.*)

Jeg hefi átt tal við lækni minn þessu viðvíkjandi og ræður hann mér tilfararinnar og helzt sem fyrst.

Mér hefir verið sárnauð-

---

*) Styrkveitingum fél. er þann veg háttað, að maður getur notið 50 vikna styrks á 3ur árum. Í langvarandi sjúkdómum 25 vikur í senn með hálfs árs millibili. En á því tímabili sem sjóðurinn ekki styrkir, taka sveitar- eða bæjarfélögin við; að öðrum kosti aukasjóður félagsins. – Á því 5 ára tímabili sem ég dvaldi í Danmörku, hefi ég notið milli 20 og 30 vikna styrks úr sjúkrasjóði og á því 12–14 vikur til góða. Að hálfu ári liðnu, frá því að ég hef notið þess styrks, sem ég á tilkall til, hefi ég rétt til 50 vikna uppihalds með ½ árs millibili.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ugt að þurfa að leita styrktar
af almannafé og óska einskis
fremur en að þurfa þess ekki
framvegis.

Þá von hefi ég, að hin
háttv. nefnd þurfi ekki að
bera kvíða fyrir því, að ég
verði endursendur innan
skams aftur hingað. Und-
ir þeim kringumstæðum
mundi ég hvergi fara.

Vilji hin háttvirta fá-
tækramálanefnd sinna
þessari beiðni minni, - en
á það treysti ég fastlega,
óska ég helzt að geta
farið með s/s „Laura“ 25.
þ. m.

Hvað viðvíkur fjárhæð
þeirri, sem ég mundi þurfa
til fararinnar, þá er það
minsta sem ég kemst af
með 140 krónur, með því að
ég er klæðlítill að öllu.

Um leið og ég óska að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hin háttv. nefnd snúist vel
við beiðni minni, vona ég
eftir svari hið allra fyrsta.

Með virðingu.

Hafliði Bjarnason.

Til
fátækramálanefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að mjer er kunnugt um að Hafliði Bjarnason muni eiga von á því, að gjöf verði fyrir honum fyrst um sinn, ef hann kemst hjeðan til Kaupmannakafnar og honum að líkum hjálpað til að komast á bjóstvéskra-skóla þar í landi; þá leyfi jeg mjer að mæla eindregið með því að hann fái styrk til fararinnar.

Rvík 24/10-06

G. Björnsson
landlæknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 25/10. 06.
veitt. –

Jeg undirskrifuð leifi mjer hjer með auðmjúklegast að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækra nefnd að hún gjöri svo vel og veiti mjer 15 kr sem árið til húsaleigu því mjer er orðið ómögulegt að vinna fyrir mjer sökum elli og lasleika. Þar sem jeg er kominn á áttræðis aldur og hefi þess utan legið þungar legur. Jeg þikist vita að fátækrafulltrúarnir Olafur Peturs son og Guðmundur Þorkjels son þekkja svo hagi mína og viti að þetta sem ofan er skrifað sje satt.

Reykjavík Vesturgötu 55
Malfriður Þorláksdóttir

Til Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 11 Októb. 1906

fundur 11/10. 06. frestað. — J. Eggj. tali við Sig. Eir.

fundur 25/10. 06. —
skr. Sturlu 27/10. 06.

Að gefnu tilefni, leyfi jeg mjer hjer með, að spyrja háttvirta fátækranefnd Reykjavíkur, hvort hún vill ábirgjast skilvísa greiðslu á húsaleigu fyrir Sigurð Eiríksson 12 kr. 50 aura á mánuði hverjum, frá 1. október síðastliðnum til 14. maí næsta ár, fyrir íbúð þá í húsinu nr. 61 við Laugaveg er hann hefur haft til afnota.

Fari svo að nefndin sjái sjer ekki fært að taka uppá sig ábirgð á ofanskrifaðri húsaleigu, þá verður Sigurði tafarlaust vísað á burt úr húsinu, og óska jeg svars háttvirtrar nefndar við allra bráðasta.

Virðingarfyllst,
í umboði Sturlu Jónssonar
Gísli Þorbjarnarson

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13/10

**STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.**

Reykjavík, 12. oktbr. 1906.

tilk. fátækranefndinni á fundi 25/10. '06. —

26/10. 06. Skr. bæjarfg. um álykt. húsmennsku Sigfúsar. —

Stjórnarráðið hefur í dag skrifað Sigfúsi Jónssyni í Reykjavík á þessa leið:

„Með erindi, dagsettu 13. desbr. f. á., hafið þjer farið þess á leit að stjórnarráðið felldi úr gildi úrskurð fátækranefndar Reykjavíkurkaupstaðar, dags. 28. sept. f. á., en með úrskurði þessum neitaði fátækranefndin yður um leyfi til að setjast að í kaupstaðnum sökum fátæktar yðar og efnaskorts.

Í umsögn sinni um málið hefur fátækranefndin til frekari stuðnings úrskurði sínum getið þess, að þjer hafið þegið af sveit í Njarðvíkurhreppi og munið ekki hafa endurborgað þá sveitarskuld af eigin rammleik. Var þá þegar fyrir milligöngu sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu krafizt yfirlýsingar hreppsnefndarinnar í Njarðvíkurhreppi um þetta atriði, en sýslumanni hefur ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tekist ennþá að fá hann. Hinsvegar
hefur hann með brjefi, dags. 2. þ. m.,
upplýst það, að hjer samkvæmt sveitar-
reikningunum fyrir 1904-1905 standi
í 1277 kr. Njarðv. skuld við hjeðan hrepp,
sem annaðhvort ekkert eða mjög lítið
sje endurgoldið af enn.

Með því að telja verður sam-
kvæmt framanskráðu, að hjer, er nefnd-
ur fátækrastjórnarúrskurður var upp-
kveðinn, hafið staðið í ógreiddri
sveitarskuld við Njarðvíkur-
hrepp, er efni yðar hefðu eigi
hrokkið til að greiða nema litlum
hluta af, eptir þeim upplýsing-
ingum um það, er fylgdu framan-
nefndu erindi yðar, þá verður að
telja, að hinn áfrýjaði úrskurður
fátækranefndar Reykjavíkur eigi á
rökum byggður og skal hann
því óraskaður standa.

Þetta gefst yður hjermeð
til vitundar."

Þetta gefst fátækranefndinni

hjermed til vitundar til leid-
beiningar.

F. h. r.

Kristjánsson

Jón Hermannsson.

Til

fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/11. 06. Skýrslan um eignina afhent Júlíusi aftur. –

fundur 27/9. 06. – frestað 29/9. 06. Skr. Júlíusi. –

Júlíus hættir við að fá leyfi. –

Hérmeð leyfi jeg mér virðingarfyllst. fara þess á leit við hina háttvirðu fátækranefnd Reykjavíkur, að henni mætti þóknast, að veita mér leyfi til að setjast hér að í bænum frá þessum tíma,

Virðingargjörð yfir eignir mínar læt jeg fylgja þessari umsókn minni, og vona jeg að sú upphæð nemi fyllilega þeirri upphæð sem hin háttvirta fátækranefnd bindur skyldu sitt við, að menn geti fengið leyfi til að setjast hér að í bænum.
Fjölskylda mín er konan mín og 3. börn og er það elsta 7 ára gamalt.
jeg bið það kurteislega hinnar háttvirtu fátækranefndar að hún veiti mér hér um beðið leyfi

pt. Reykjavík 26.-9-06.

Júlíus frá Hofsós
Pedersen,

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svar sendist til Þorsteins Gunnarssonar -
Þingholtsstræti 8.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 25/10. 06. - frestað. Jón Egg. -
Fundur 8/11. 06 - veitt.

Hjer með leyfi eg mjer virðingarfyllst
að ~~mint~~ minnast á 2 börn Björns Jónssonar
sem hafa verið hjá mjer til uppfósturs í 4 ár
án nokkurs meðlags frá neynni síðu. því faðir
þeirra er sjálfur mikið fremur þurfandi en
veitandi. það er víst mörgum kunnugt að
eg er heilsulaus og ligg rúmfastur og vansjeð
um bata á heylsu minni og get þarafleyð-
andi ekki bætt einum hvað þá tveimur ómög-
um á mitt heymili meðlagslaust. —

Því er það vinsamleg bón mín til hinnar
Heyðruðu Fátækranefndar að hún vildi svo
vel gjöra og veita börnum þessum uppeld-
is styrk eptir því sem vanalega viðgengst
mánaðarlega Reyknað frá Október byrjun
þettað ár að öðrum kosti er mjer ekki hægt
að hafa þaug hjá mjer þó viðkomandi óski
það helst

Virðingarfyllst

Nýjabæ 25 Október 1906

Gunnar Hafliðason

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 8/11. '06.

Hjermeð vil jeg láta hina háttvirtu fátækranefnd í Reykjavík vita, að loforð mitt um að halda ómagann Ingunni Sigvaldadóttur fyrir aðeins 12 kr. um mánuðinn stóð aðeins til septemberloka þ. á.

En í byrjun f. m., er Davíð Jóhannesson bað mig, að halda Ingunni Sigvaldadóttur áfram gjörði jeg það, að skilyrði, að jeg fengi með henni 16 kr. um mánuðinn og með því nefndur ómagi dvelur hjer hjá mjer, án þess fátækranefndin hafi fullnægt kröfu minni, skora jeg á hina háttvirtu fátækranefnd í Reykjavík, að veita mjer 4 kr. uppbót á meðlagi Ingunnar Sigvaldadóttur fyrir næstliðinn mánuð og 16 kr. í meðlag um mánuðinn eptirleiðis, án þess það þó geti verið búandi meðlag fyrir mig, ef gamalmenni það sem hjer um ræðir lasnast fremur en nú er. —

Virðingarfyllst

Reykjavík 7. nov. 1906

Ingvar Nikulásson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 27/9. — fundur 8/11. Ak. veitt.

Þar jeg hygg að hin háttvirta fátækranefnd.
Reykjavíkur, hafi misskilið bref það er jeg ritaði
henni í síðastliðnum Agúst mánuði, sem
var þess efnis að krefjast meðlags með þurfa-
lingnum Júlíusi Runólfssyni sem hjá
mér er, og þar sem jeg skýrt tók fram
að meðlagið mætti ekki vera lægra en 8 Kr-
um mánuðinn, því fyrir minna meðlag gæti
jeg ekki haldið hann, þá vil jeg hérmeð
virðingarfyllst leyfa mér að endurtaka
þá kröfu mína við hina háttvirtu fátækra-
nefnd. að henni mætti þóknast að hlutast-
til um að mér verði skaffaðar 8 Krónur
meðlag með greindum þurfaling Júlíusi
Runólfssyni um hvern mánuð frá 1 Septbr
þ. ár. eður þá að öðrum kosti að hún
taki drenginn og komi honum fyrir
Skýringar fyrir því greindri kröfu minni
standa í bréfi því er jeg skrifaði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinni háttvirtu fátækranefnd,
í síðastliðnum ágúst mánuði
eins og hér er áður framtekið.

Reykjavík 7 november 1906.
Virðingarfyllst.

Helgi Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 8/11. 06.

Eins og hinni háttvirtu fátækrastjórn er kunnugt, hefi mjer um tvö undanfarin ár verið veitt meðlag af fátækrasjóði með 1 barni mínu, 80 kr. á ári, og auk þess var mjer einusinni eitt ár veittur 30 kr. húsaleigustyrkur. Mun því styrkur sá, sem jeg samtals fram að þessum tíma hefi notið af fátækrasjóði bæjarins alls vera um 200 krónur.

Nú hafa hagir mínir verið þannig, að 15. maí 1904 andaðist kona mín Stefanía Gróa Gísladóttir, eptir að við höfðum verið í hjónabandi í 10 ár, og eignast 5 börn, sem 4 eru enn á lífi; hið elzta er nú á 10. ári, annað á 9. ári, hið þriðja á 7. ári og hið yngsta þeirra á 5. ári.

Þegar kona mín dó var jeg alveg fjelaus, því bæði var ómegð okkar mikil, fiskiafli minn hafði opt misheppnast, og svo höfðum við þá opt átt við veikindi á heimili okkar að stríða. En eptir að kona mín var dáin, varð jeg að koma öllum börnum mínum fyrir og gefa með þeim, og þá með byrjun októbermánaðar sama ár tók fátækrastjórnin að sjer að gefa meðlag með einu þeirra af fátækrasjóði.

Með byrjun októbermánaðar 1905 heppnaðist mjer að fá til mín góða og duglega stúlku, sem heitir Sigríður Gísladóttir, 32 ára að aldri; tók jeg þá til mín þau 3 börn mín sem jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árið áður hafði gefið með til annara, því jeg áleit að
mjer væri ljettara að ala önn fyrir þeim hjá sjálfum mjer,
fyrst jeg gat fengið efnilegan og duglegan kvennmann
fyrir bústýru, enda hefir hún verið þeim sem góð
og umhyggjusöm móðir síðan hún kom til mín
og í öllu stjórnað heimili mínu með ráðdeild
þrifnaði og dugnaði svo ákjósanlega, sem föng eru
á. En nú er svo komið að við eigum saman 1 barn,
sem nú er 12 vikna gamalt; er því hennar innileg
ósk, og mín eigi síður, að við mættum inngánga í
hjónaband og giptast, því við unnum hvort öðru hugástum,
og jeg veit að fyrir mig og mína hagi væri það hið mesta
hamingjuspor, sem jeg í mínum kringumstæðum gæti
stigið. En sá þröskuldur er á þeirri leið, að jeg af
eigin rammleik ekki treystist til að geta borgað fátækra-
sjóðnum þann framanumgetna styrk, sem jeg hefi
fengið. Og þess vegna er það, að jeg hjer með auðmjúk-
lega leyfi mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu
fátækrastjórn, að hún veiti mjer fulla eptirgjöf á þeim
styrk, sem jeg hefi af fátækrasjóðnum fengið, og gefi mjer
síðan skriflegt vottorð um að jeg sje skuldlaus við hann,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess að þessu fyrirhugaða hjónabandi mínu mætti verða framgengt. Vil jeg þá reyna, og vona að mjer geti tekizt, að annast um meðlag með því barni mínu framvegis frá þessum tíma, sem fátækrastjórnin hingað til hefir greitt meðlag með.

Jeg hefi nú samfleytt 25 átt heima í Reykjavík og aldrei verið neitt við neinn drykkjuskap nje óreglu riðinn, en unnið eptir ítrustu kröptum, þótt jeg lengi hafi átt við fátækt og örðugleika að búa. Og unnusta mín, sem er fædd í Reykjavík, og hefir síðastliðið hálft hundrað ár verið vinnukona hjer í bænum, er engum um neitt fje skuldug, á ofurlitlar eigur, sem hún hefir dregið saman af kaupi sínu, og ætlar að leggja í fjelagsbú okkar ef við fáum að giptast. Hún hefir aldrei átt neitt barn fyrr en nú, og hefir frá sinni hálfu engan annan ómaga en það fram að færa.

%. Jeg læt hjer með fylgja vottorð frá tveimur fyrverandi húsbændum hennar, Málaflutningsmanni Oddi Gíslasyni og kaupmanni Magnúsi Gunnarssyni, um dugnað hennar og framferði, og fleiri slík vottorð geti hún fengið, ef þess væri óskað.

Jeg dirfist að vænta þess að hin háttvirta fátækrastjórn gjöri í þessu umrædda áhuga- og velferðarmáli mínu það bezta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem hún getur, og bið hana að gefa mjer við fyrsta tækifæri vitneskju um hvers jeg má vænta frá hennar hálfu í þessu efni.

Bergstaðastræti 42 í Reykjavík, 8. nóvember 1906.

Með auðmykt og virðingu.

Guðmundur Bergþórsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að stúlkan Sigríður Gísladóttir
sem var hjá mjer vinnukona
i 2 ár. 1900 og 1901 hafi reynst
ákjósanlega vel í alla staði.
með óvenjulega miklum
dugnaði þrifnaði. trúmensku
og hlíðni, hún er að mína áliti.
ágætum hæfileikum búin til
að vera góð húsmóðir og kona.
þetta votta jeg með ánægju
eptir bestu samvisku.

Reykjavík. 7/11 1906.

Magnús Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stúlkan Sigríður Eiríksdóttir sem á til heimilis
í húsinu nr. 42 við Bergstaðastræti býr í bænum
var vinnukona hjá undirrituðum frá 1. okt. 1904–
14. maí 1905 og reyndist mjög vel að öllu leyti.
Hún var ekki aðeins trú og dygg og dugleg til
allra verka, heldur líka þýðlega viðkunnanleg
í allri umgengni. Þetta er mjer mesta á-
nægja að votta.

Reykjavík 7. nóvember 1906

Oddur Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frederiksberg Fattigkommission.

Den 28' August 1906

Skrivelser og Postanvisninger m. m., denne Sag vedrørende, bedes betegnede med

A.2. 847

Diakon Pall Hjørtur Bjarni Frederiksen, der var lidende af Lungetuberkulose, blev den 24'ds. indlagt i et statsanerkendt Folkesanatorium for det Offentliges Regning.

Da Paagældende efter vedlagte Afskrift af en optaget Afhøring maa anses forsørgelsesberettiget i Reykjavik, skal man herved forespørge, om Forsørgelsesretten erkendes og Omkostningerne ved den ydede Hjælp kunne ventes refunderede efter fremsendt lovlig Regning.

P. K. V.

Til
Fattigbestyrelsen i Reykjavik

Bl. 37.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19 Nov. 1906.

Til Frederiksberg Fattig Commission. —

Den i den ærede Comm.s Skrivelse af 28. August tilstl. omhandlede Person, P. H. B. F., født i Reykjavik 9. August 1884, anerkjendes forsørgelsesberettiget her i Communen.

Samtidig med at give Dem Meddelelse herom har jeg paa Reykjavik Fattig Commissions Vegne at udtale, at den ikke ~~nu kan udtale sig om~~ for Øjeblikket finder sig beføiet til at give Erklæring om, at den af Fattigkassen vil refundere de af Frederiksbergs Indlæggelse paa et Folkesanatorium flydende Omkostninger, da Commissionen ikke har Kundskab om, hvor store disse Omkostninger kan være, ligesom den ikke har havt nogen Stemme om Mandens Indlæggelse paa Sanatoriet, og paa den anden Side i Betragtning af, at Fr. formentlig har Midler, idet han for ikke meget lange Siden har arvet sin Fader, der ansaas for at være velhavende, hvorhos han ~~han~~ formentlig har velstillede ~~være paa~~ Nærpaarørende, idet hans Moder endnu lever og skal være bosat i Danmark. —

Det bemærkes slutteligt, at Deres Skrivelse har vi først modtaget i indeværende Maaned. —

P. C. V. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

n-
1884,

be-
ssen
ke-
en-
ger
er

lig
har
r,

har

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Journal № A.2. 847/06 Afskrift Alm. №

Bopæl:

# For ugifte enlige Personer

(dog ikke for Enker).

Diakonnissestft.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Navn. | 1. Pall Hjørtur Bjani Frederiksen |
| 2. | Stilling. | 2. Diakon |
| 3. | Fødedatum. | 3. 9'August 1884 |
| 4. | Fødested, virkeligt eller legalt, samt om Paagældende har været i Udlandet før det 19. Aar. Hvis Paagældende er født i Udlandet, om der haves dansk Indfødsret? | 4. Reykjavik, Søn af Bager Andreas Frederiksen og Hustru Johanne; døbt i Domkirken. |
| 5. | Forældrenes Fødested og hvor og naar ægteviede? | 5. paa Sjælland ; viede i 1879 i København |
| 6. | Trosbekendelse. | 6. Folkekirken |
| 7. | Har Paagældende nogen at forsørge (herunder Alimentationsforpligtelser)? | 7. Nej |
| 8. | Om og naar Paagældende har været i Militærtjeneste? | 8. |
| 9. | Har Paagældende lært nogen Profession eller driver han andet Erhverv? | 9. er oplært som Snedker |
| 10. | Arbejdsførlighed og Helbredstilstand. | 10. søger Optagelse paa et Folkesanatorium |
| 11. | For hvem arbejder den Paagældende, og hvor stor er den ugentlige Fortjeneste derved? | 11. siden 1'Juli d.A uden Erhverv; har haft gratis Ophold paa Diakonnissestiftelsen |
| 12. | Huslejens Størrelse. | 12. |

Bl. 102.

N

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Boer Paagældende alene eller i Forbindelse med andre; hvilke ere disse, og hvormeget betale de?

13. -

14 a. Har Paagældende selv tidligere nydt nogensomhelst Fattighjælp (herunder Hjælp under Form af Alimentationsbidrag og Bidrag efter Børneloven)

14 a. Nej

eller

b. Hjælp af det Offentlige, som ikke har Fattighjælps Virkning (f. Ex. Hjælp efter Fattiglovens § 44, §§ 61, 63, Fabriklovens § 18, Børne- eller Tuberkuloseloven m. m.)?

b. -

15. Er Paagældende i Fagforening, Sygekasse, Begravelseskasse, Livrenteselskab eller deslige?

15. Nej

16. Har Paagældende Pension, Legater, privat Understøttelse, Hjælp fra Fagforening eller lignende Indtægt?

16. se Pkt. 11 og 12

17. Har Paagældende noget indestaaende i Sparekasse, udestaaende Fordringer (herunder tilgodehavende Alimentationsbidrag) eller Arv i Vente?

17. Arv efter Faderen henstaar 1000 Kr i en Ejendom i Reykjavik; han kan ikke faa Pengene før han bliver fuldmyndig; ellers ejer han kun Gangklæder og desl.

18. Hvilket Bohave og Effekter ejer Paagældende.

18. Lider af Lungetuberkulose og søges optaget paa et Sanatorium.

19. Aarsagen til Trangen.

19.

**Angaaende Forsørgelsesretten.**

20. Naar sidst ankommen til Frederiksberg og hvorfra, samt hvis Paagældende er født i Udlandet, naar sidst ankommen her til Landet og for Svenske tillige, hvor og naar sidst mandtalskreven i Sverig?

20. For ca 1½ Aar siden kom fra Island

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Øvrige Oplysninger om Forsørgelsesretten:

Komparenten kom i 1902 hertil fra Island, han var i Snedkerlære i København i 1½ Aar; han tog da tilbage til Island, hvor han var ca 1½ Aar da han atter tog til Danmark, hvor han agtede at uddanne sig til Diakongerningen. Han har derefter opholdt sig i Haslev og Holbæk indtil han den 15'Maj d.A fik Plads paa Diakonnissestiftelsen; han var fæstet til 30/6.; Løn 25 Kr. mdl. Den 1'Juli skulde han tiltræde Plads paa Odense Amtssygehus, men da han blev syg, maatte han give Afkald paa Pladsen og har siden henligget som Patient paa Diakonnissestiftelsen med Friplads.

Formentlig forsørgelsesberettiget i Reykjavik

**Frederiksberg Fattigvæsen,** den 6'August 1906

Paagældendes Underskrift: Hjørtur Frederiksen

Afhøringen optaget af: Mortensen Expsktr.

Foreviste eller vedlagte Legitimationspapirer:

Afskriftens Rigtighed bekræftes.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 8/11. 06. – Samþ.

Fundur 22/11. 06. – Samið þeim frá eftirgrenslan. –

Vísað.

# Grímsneshreppi

Neðra-Apavatni 23. okt. 1906.

Medt. 5/11. 06.

Ólafur Eiríksson sáttasemjari megin hent. –

Á niðurjöfnunarfundi Grímsneshrepps, degi í gær, barst nefndinni að Gísli Þorkelsson frá Ormsstöðum, sem nú dvelur í Reykjavík, mundi vera mjög tæpstæður að efnum til þess að framfæra sig og skyldulið sitt. Fyrir því var gerð sú ályktun á fundinum, sem hljóðar svo:

„Rætt um Gísla Þorkelsson. Af því að nefndinni er kunnugt um ástæður hans, var samþykkt að skrifa bæjarfógetanum í Reykjavík, og skora á hann, að gera þegar aðsjón hjá honum (Gísla), til þess, ef þörf álitist, að hann þá yrði tafarlaust fluttur hingað sveitarflutningi, þar sem nefndin neitar að leggja honum eða skylduliði hans nokkuð til Reykjavíkur"

Nefndinni sem sé getur ekki betur séð –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ist, eptir því, sem henni er frekast kunnugt,
en að Gísli hljóti að beiðast ölmusu, þar
sem hann hefur vitanlega fyrir konu og 3
börnum að sjá. En hún er ófáanleg til að
leggja á hreppinn óþarfa byrðar, með því,
að framfæra menn í fjarlægum héruð-
um, einkum og sérílagi þá, sem geta verið
duganði starfsmenn í sveit, þótt óheppilegir
eða jafnvel ómögulegir séu til að hafa
ofan af fyrir sér í eða nálægt kaupstöðum
Eins og þér sjáið, herra bæjarfógeti; af fram-
anskrifaðri fundarályktun, er nefndinni
áhugamál um að nefndur Gísli baki fram-
færsluhreppi sínum engra byrða annarstað-
ar, en þá í sveitinni sjálfri, ef til kemur,
og leyfir sér því virðingarfyllst að beiðast þess,
að þér gerið gangskör að högum nefnds
Gísla Þorkelssonar hið allra bráðasta, og
fullnægið framanskrifaðri fundarályktun.

Ásmundur Eiríksson

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sendist hinni háttvirtu fátækranefnd til ráðstöfunar. —

Bæjarfógetinn í Reykjavík 5. nóv. 1906.

Halldór Daníelsson.

Til fátækranefndar Reykjavíkur.

23/11. de. skr. Gísla Þorvaldssyni og bréf þetta tilkynnt.

23/11. de. skr. bæjarfóg., skýrt frá upplýsingunum; engin ástæða til þess að sinni að skifta sjer af Gísla?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með vottum við undir-
skrifaðir, að Einar bóndi
Sveinsson á Þjóðólfshaga á Skol-
lausar eigur allt að 500 krónum.
Ofan nefndur Einar, hefur verið
búsettur í Holtahreppi 2. síðastlið-
in ár og hefur hann komið fram
sem ráðvandur, reglusamur og
dugnaðar maður.

Syðri-Rauðalæk og Moldartungu.
25 október 1906.

Runólfur Halldórsson (hreppstjóri) Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 23/11. 06. – Synjað. –
svar sendt 23/11. 06.

Ég undirritaður leyfi mér hér með, virðingarfyllst, að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mér tómthúsmennskuleyfi í Reykjavík framvegis frá næstu fardögum.

Ég er 50 ára gamall fæddur í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu og hef átt þar heima síðan og á þar því framfærslurétt. En 2 síðastliðin ár hefi ég átt heima í Holtahreppi í Rangárvallasýslu.

Ég er giftur fyrir 20 árum. Eigum við hjón 6 börn, sem eru 15-13-10-8-4-1 árs og aðra ómegð höfum við ekki fram að færa.

Ég er heilsugóður, reglusamur og laus við nautn allra áfengra drykkja; er vanur allri algengri vinnu á landi, smiður á tré og járn.

Um efnahag minn og framferði læt ég hérmeð fylgja skýrslu frá hreppstjóra Runólfi Halldórssyni á Rauðalæk og hreppsnefndaroddvita Bjarna Jónssyni í Moldarlungu, sem báðir eiga heima í Holtahreppi í Rangárvallasýslu.

Svar hinnar háttvirtu fátækrastjórnar um þessa beiðni mína óska ég að fá, við fyrsta tækifæri, sent mér að Þjóðólfshaga þar sem ég á nú heima.

Þjóðólfshaga 2. nóv. 1906

Einar Sveinsson

Til fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Christen Thomasen.

30 kr. hjálp.-

**BJARNI JÓNSSON**

kaupmaður

Laugaveg 18 — Telefon 101

Reykjavík, h. 23/11 190 06

Hr Arison af því jeg hefi ekki tíma
að koma með Tómasi þá sendi jeg yður
þessar línur. eftir minni meiningu getum
við varla verið hræddir við að hjálpa honum
um 30 kr. en vonandi fáum við það aftur.
það stendur mjög illa á fyrir honum eins
og nú er

Jeg hefi farið með 2 Norðmennina til
Kristjánssonar meira get jeg ekki í bili
með virðingu

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

fundur 13/12. 06.
svar. bæjarfógeta 15/12. 06.

*Reykjavík* 25. *d.* nóvember *mán.* 1906.

Meðfylgjandi erindi frá stjórnarráðinu dags. 22. þ. m. með 2 fylgiskjölum um sveitfesti Guðbjargar Jakobsen, sendi jeg hjermeð hinni heiðruðu fátækranefnd til andsvara.

Með svarinu óskast jeg til að fá fylgiskjölin endursend.

Halldór Daníelsson.

Til fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

ath.

Reykjavík 30. d. nóvbr. mán. 1906

Þórður Bjarnason, sem hin heiðraða fátækranefnd. hefur skrifað mjer um í brjefum, dags. 20. og 28. þ.m. er viðurkenndur sveitlægur í Ytri Akraneshreppi. Í fyrra sumar og aptur í sumar var barnsfulga greidd fyrir hann úr fátækrasjóði Þórunni Pjetursdóttir, samkvæmt amtsúrskurði 5. sept. 1895, 40 kr. í hvort skipti, sem hafa verið endurgoldnar frá framfærsluhreppi hans.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna nefndinni.

Halldór Daníelsson.

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 12. d. október mán. 1906.

Jón Gudmundsen pumpusmiður bæjarins er talinn eigandi að húsi því er hann býr í, Litlabakka við Brunnstíg. Hann byggði húsið 1898 að nokkru leyti fyrir afgang af andvirði Bakkabæjar, sem hann seldi um það mundi og að nokkru leyti með tilstyrk fátækrasjóði. 1. veðrjett í húsinu á lögreglusjóður fyrir 200 kr og 2. veðrjett fátækrasjóður fyrir 300 kr. samkv. skuldbr. dags. 28/9-98, þingl. 13/10 s. á. — Vextir af skuldinni til lögreglusjóði hafa frá upphafi verið greiddir úr fátækrasjóði. Þetta leyfi jeg mjer að tjá hinni heiðruðu fátækranefnd eftir beiðni í brjefi dags. í dag.

Halldór Daníelsson.

Til Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 22/2. '06.
26/2. 06. Skr. Sveinb.

Staddur í Reykjavík
12. Febr. 1906.

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur að veita mjer tómthúsmannsleyfi hjer í bænum 1. september 1906.

Jeg er 45 ára og kona mín 50 ára, 2 börn annað 16, hitt 27 ára. Efni mín eru 600 kr. í peningum og vanalegir innanhússmunir til brúkunar.

Skjöl mín liggja á skrifstofu bæjarfógeta Reykjavíkur

Virðingarfyllst
Sveinbjörn Ólafsson.
frá Bíldudal.

Svarið óskast sent til hr. Kaupmanns Gunnars Gunnarssonar, Hafnarstræti 8.

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 13/12. '06. –

Undirritaður, fyrir þess á leit, við hena háttvirtu Fátækranefnd, fyrir hönd, Þórarins Jónssonar frá Steinsholti á Seltjarnarnesi, hvort hún ekki vilji selja þeim Einholt, með tilheyrandi lóð, á komandi vori, og óska eg því eftir að fá að vyta með hvaða kjörum hann kynni að fást.

Virðingarfylst

Þorsteinn J. Pétursson
Melnum

Reykjavík 12/12 – 1906

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 13/12. dl. ath.

Af aðþreingjandi ástæðum mínum vegna heilsuleysleika míns, leifi jeg mjer virðingarfyllst að biðja hina Heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur um 24. Krónur úr fátækrasjóði Bæjarins.

Mörgum af fátækrafulltrúönum, hlítur að vera fullkunnugt um, að jeg bið ekki um þetta án þarfar, þar sem jeg hefi lítið gjelað unnið mjer inn á atliðnu sumar. En gét náttúrlega ekki feingið húspláss og aðhlinningu án endurgjalds.

Virðingarfilst.

Brekku. 6. desember. 1906.

Grímur. Guðnason.

Til

Fátækranefndarinnar,

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hundu 13/12. '06.

Þegar eg í Oktober mánuði beiddi hina Heyðruðu Fátækranefnd um styrk mjer til bjargar þar sem eg var alslaus eptir sumarið. og þar að auki svo heylsuveikur að eg var ekki til neyrnrar vinnu og sjer Ekki út fyrir að eg fái bata á heylsunni til þess að geta stundað atvinnu með því að eg er orðinn nokkuð fullorðin a fjórða ári yfir sjötugt og aungvan dag friskur opt nærri við rúmið þá sá eg ekki annað en að biðja um styrk. því þó eg sje að bera mig að segja nokkrum börnum til þá geingur ekki vel að fá borgun fyrir þaug á rjettum tíma, ~~ss~~ eg hjelt að sú Heyðraða nefnd mundi ~~eg~~ Ekki að minsta kosti draga af því sem eg hafði áður enn eg fór austur í fyrra vor nfl: 7 krónur um mánuðin þar þörf... © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá. Nú fjekk eg ekki nema 5 kr um mán
udin og get eg tilgreint hvad úr þeim verd
ur eg verd ad borga 4 kr. í Húsaleigu svo hef
eg Eina krónu eptir fyrir björg. Því er
það vinsamleg bón mín ad nefndinni vildi
þóknast ad bæta vid hjálpina ef það væri
ekki álitid sem heymtufrekja. eg hef þurft
ad kaupa mjer medol og þarf þess þar ad
auki segir Læknir að eg ætti ad hafa mjólk
En það er nú Ekki til ad hugsa ad eg geti
það þar sem eg hef ekki getad eignast einn
bita af kjöti eda neynu þesshattar, Eg þoli
illa þuran mjelmat og litin þó eg megi
hafa það, eg vona ali gods

Virdingar fyllst

Vernhardarhúsi 5 Desember 1906

Þórdur Stefánsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1874, 19. júlí er fædd, 26. s. mán. skírð

Sigríður Gísladóttir.

Foreldrar: Gísli Þorsteinsson tómthúsmaður í Litlabæ og Sigurlaug Finnsdóttir, kona hans.

Þetta er samhljóða ministerialbók Reykjavíkurprestakalls.

Það vottast.

Reykjavík, 20. nóvbr. 1906

Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur. –

Borgun: 33 –
Borgist ... og ... –

J.Þ. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fátækranefnd 13/12. 06. – Vottorð gefið 15/12. '06.

Hér með vil jeg, undirskrifaður, leifa mér, að biðja hina heiðruðu Fátækra-stjórn Reykjavíkur, svo vel gjöra, og láta mér í té, skriflegt vott-orð, um það, að barnið Auðbjörn Sigurðsson, (3 ára) hafi verið og sé en á minni framfærzlu, því það er áform mitt, að reina en á ný, að fá því framgengt, að faðir fyrnefndt barns, verði, samkvæmt áður útgéfnum yfirvalds úrskurði skyldaður til, að greiða þá meðgjöf, sem honum var uppá lagt, þar hann, faðir barnsins, hefur ekkert borgað af ákveðnu meðlagi nú full 2 næstliðin ár,

Úrlausn þessarar beiðni minnar óska jeg sem fyrst.

Laugaveg 61 Reykjavík 12. Des 1906

með virðing

Sigurður Eiríksson

Til Fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

Jeg skal leifa mér að taka fram að vottorðið verður að vera á Dönsku
G. L.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úrskurðurinn sendur bæjarfógeta 19/12. 06. -

Bæjarfógetinn i Reykjavik

4. júli 1906

Í tilefni af heiðruðu brjefi fátækranefndarinnar dags. 16. f.m. tilkynnist nefndinni hjer með, að bæjarfógetinn á Akureyri hefur i marzmánuði þ.á. sent mjer til innborgunar i bæjarsjóðinn 100 krónur frá Ólafi Vigfússyni, til lúkningar meðlögum með barni hans og Auðbjargar Guðnadóttur fyrir timabilið frá 12. des. 1903 til jafnlengðar 1905, samkvæmt amtsúrskurði 17. april 1899.-

Jafnframt því að tilkynna þetta sendi jeg meðlagsúrskurðinn hjer með, þar sem hann væntanlega er bezt geymdur i vörzlum fátækranefndarinnar.-

Páll Einarsson
settur

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 27/12. 06.

Skipholti i Reykjavik 27-12-06

Heiðraða fátækrastjórn Reykjavíkur!
Þar sem ég undirritaður, sje ekki
að ég sökum fátæktar geti séð heimili
mínu farborða, neyðist ég til að biðja
hina heiðruðu fátækrastjórn Reykjavíkur
að veita mér hjálp i vetur.

Ég hefi þrjú börn og konu
að sjá fyrir, og sjálfur er ég
heilsu bilaður maður.

Virðingarfyllst
Jón Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15/12

Ávísað 29/12. [illegible]

Ávísan send bæjarfóg. 29/12.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla,

Arnarholti 10. dec. 1906.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Innra-Akraneshreppi leyfi ég mér að mælast til að hingað verði greidd úr fátækrasjóði Reykjavíkur ársfúlga að föðursins leyti, fallin í gjalddaga 5. ág. þ. á., með barninu Margrjeti Ágústu Tómásdóttur Sigurðssonar, að upphæð 36 kr samkvæmt amtsúrskurði dags. 14. júlí 1896.

Sigurður Þórðarson

Tómás Sigurðsson, lengst af í Sandgerði; nú talinn vera austur í Grímsnesi. –

Til bæjarfógetans í Reykjavík.

Heim

Bæjarfóg. í Rvík.
Dagbók 1906 No. 1331

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hundraða fatakranefnd er hjermeð beð-
in að vísa Innri-Akraneshrepp
framangreinda áskilgu.-

Bæjarfógetinn í Reykjavík 17. des. 1906.

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur